

# Áramótahugleiðingar



**Sigurbjörn  
Sveinsson**  
formaður LÍ

*Ef til vill verður árið 2000 merkisár í sögu okkar eftir allt saman. Árið sem læknaeild sá ljósið í manninum sjálfum og tók að sækjast eftir fjölgáfuðu námsfólki, sem átti brýnt erindi við læknislistina.*

## Kæru félagar

Ritstjórnarfulltrúinn bað mig um að skrifa pistil og kveðju til ykkar um aldamót. Ég tók því auðvitað vel að öðru leyti en því, að ég er alveg þversum í aldamótaskilgreiningunni. Ég er handviss um það, að enn er eitt ár eftir af öldinni eða árpúsundinu, ef menn vilja það heldur. Hins vegar má alveg fallast á það, að aldamótaárið fari nú í hönd og því ástæða til þess dagamunar, sem víða sér stað í fyrirætlunum fólks á þessu ári.

Við í stjórn LÍ höfum reyndar ekkert sérstakt á þrjónunum af þessu tilefni. Hvað sem því líður, var sú athugasemd gerð við undirritaðan á 90 ára afmæli Læknafélags Reykjavíkur, að öll ártöl í sögu lækna á Íslandi væru óheppileg að því leyti, að þau væri erfitt að muna. Enduðu hvorki á 0 eða 5.

Þetta kann að vera rétt.

Var þá lagt til, að lækna stofnuðu til einhvern þeirrar nýbreytni á aldamótaárinu, sem lifa myndi upphafsmenn sína og fagnað yrði við hvern fylltan áratug upp frá því.

Er þetta góð hugmynd og hér með komið á framfæri, ef vera kynni að einhverjir kollegar sæju lengra nafi sínu í þessum efnunum en stjórn LÍ og legðu henni gott til.

Ef nánar er gáð, þá er það sem að framan er sagt ekki alls kostar rétt. Á þessu ári verða 30 ár síðan farið var að kenna læknisfræði með nýja laginu í læknaeild. Þá vorum við Kári, Jóhann Tómasson og Jón Snædal nýstúdentar ásamt fleiri góðum körlum og konum sem gert hafa garðinn frægan hér heima og með dönskum.

Þetta var skömmu eftir árgang landlæknis og forseta læknaeildar, sem mun hafa verið „vintage“.

„Nýja reglugerðin“ fór skrykkjótt af stað, kennarar létu ekki sjá sig og numerus clausus hékk yfir okkur eins og fallöxi. Taugarnar voru þandar til hins ítrasta, lestur í 14 tíma á dag og refsstig fyrir minnsta frávík. Þó gáfu menn sér tíma til að fara með hávaða og fyrirgangi á fund rektors, sem var góðhjartaður guðfræðiprófessor og trúboði frá Kína. Þrátt fyrir fróman vilja gat hann lítið fyrir þessa ólátabelgi gert, skildi þá tæplega og vísaði á menntamálaráðherrann. Sá alkunni Meneas varð furðu lostinn, spurði bara hvort prófessorarnir í læknaeild ætluðu að eyðileggja nýju reglugerðina þegar í upphafi eftir svardaga um annað og blés síðan af fjöldatakmarkanirnar með sínum hætti. Auðvitað fór þetta svo allt eins og ráð hafði verið fyrir gert. Við náðum að vori, sem „pössuðum inn í prógrammið“ og fjöldinn reyndist heppilegur læknaeild, það er 36.

Þetta er allt liðin saga en endurtekur sig á hverju ári er mér sagt. Því var það nokkur huggun á dögnum, þegar forseti læknaeildar upplýsti alþjóð í raðvinspressunni, að nú stæði siðbót fyrir dyrum í læknaeild. Mæla skyldi læknisefni eftir öðrum kvarða en gert hafði verið og meðal annars yrði andleg geta þeirra og sköpunargáfa reynd yfir tebola með kennurunum.

Þetta er ekki verri hugmynd en hver önnur. Hún minnr okkur á, að lækna er sá einn sem reynist sjálfum sér jafn trú og sjúklingum sínum. Hæfileikinn til að læra læknisfræði felst ekki einvörðungu í því að festa í minni staglið, sem þó er óaðskiljanlegur hluti námsins, heldur ekki síður hæfileikanum til að taka út þroska sem maður – með mönnum.

Hér eru vissulega ekki á ferðinni ný sannindi, en þau þarfnast reglubundinnar upprifjunar. Fyrrum forseti læknaeildar, Einar Stefánsson, skrifaði merkilegan leiðara í Læknablaðið fyrir nokkrum árum um sama efni. Þar segir hann meðal annars: „Ekki fer á milli mála, að hæfi til bóklegs náms skiptir miklu um hverjir eru hæfir til læknisnáms og læknisstarfa. Aðrir mannkostir eiga þó ekki síðri þátt í því að ákvarða hverjir verða farsælir lækna. Læknaeild lítur algerlega framhjá öllu öðru en hæfni til bóklegs náms og notar lélega aðferð til að mæla þennan eina þátt. ... Lækna eiga að hafa góða almenna menntun og það eru ekki síður mannkostir að vera vel að sér í tungumálum, stærðfræði eða listum, en geta lært utanað byrjunarnámsefni í grunngreinum læknisfræði(1).“

Læknisstarfið er eins og ferðalag, ferðalag með fyrirhöfn. Svo vitnað sé í Sigurð Nordal, þá verður að setja þeim takmark sem búinn er undir þessa ferð, takmark sem er svo fjarlægt og ótiltekið, að það hneppi hann ekki í neina fjöttra heldur geri hann frjálsari, opni augu hans fyrir kostum lífsins og kenni honum að beita þeim kröftum sem hann býr yfir.

Ef til vill verður árið 2000 merkisár í sögu okkar eftir allt saman. Árið sem læknaeild sá ljósið í manninum sjálfum og tók að sækjast eftir fjölgáfuðu námsfólki, sem átti brýnt erindi við læknislistina.

Ég óska ykkur árs og friðar.

## HEIMILDIR

1. Stefánsson E. Skilyrði til náms í læknaeild [ritstjórnargrein]. Læknablaðið 1992; 78: 277.